

Ed.

126. Frumvarp til laga

[83. mál]

um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og taluppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmíðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

3. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaupa einn, Félagið Heyrnarhjálp einn, Talkennarafélag Íslands einn, Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn og Heyrnleysingjaskóli Íslands einn.

4. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknnum, í samráði við aðra aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

5. gr.

Stofnunin skal annast útvegum á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja.

6. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar er ráðherra heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar.

7. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaupum og málhóltum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa

náið samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

8. gr.

Stofnunin hefur í samráði við skólastjóra og kennara Heyrnleysingjaskólans sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemanda skólans.

Sama gildir um sérdeildir heyrnardaufa í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk og um samráð við skólastjóra og kennara þeirra.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaufa og máhalta, sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

10. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 16. maí 1978 með sama heiti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 74/1978 var komið á fót sérstakri stofnun, Heyrnar- og talmeínastöð Íslands, en stofnuninni er falið að annast hverskonar þjónustu við heyrnar-skerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Ennfremur er stofnuninni falið að annast sjúkdómsgreiningu máhaltra, halda skrá yfir alla landsmenn, sem eru heyrnarskertir og máhaltir. Stofnuninni er ennfremur falið að annast heyrnar-mælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi í samráði við aðra opinbera aðila, er þau málefni annast, og ennfremur að hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og máhaltra, að svo miklu leyti er það snertir heyrnarannsóknir og meðferð heyrnartækja.

Stofnuninni var m. a. ætlað að koma í staðinn fyrir heyrnardeild Heilsuverndar-stöðvar Reykjavíkur og nýta tæki þau og starfskrafta, sem þar voru fyrir, eftir nánara samkomulagi. Stofnunin tók til starfa 1. janúar s. l. og er enn í dag til húsa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur á sama stað og heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar var og hefur í reynd lítil breyting orðið á starfsemi þrátt fyrir stóraukið álag, þar sem stöðinni er nú ætlað að sinna öllu landinu. Þetta stendur til bóta nú á næstu vikum þar sem unnið er að innréttingu sérstaks húsnæðis undir starfsemi, sem bæði er miklu rýmra og heppilegra en fyrra húsnæðið og munu því gefast betri tækifæri til þjónustu þar.

Í lögum nr. 74/1978 um Heyrnar- og talmeínastöð Íslands er gert ráð fyrir því að ríkið starfræki stofnunina og að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir hönd ríkisins 90% rekstrarkostnaðar en sveitarfélögin 10%. Samband ísl. sveitarfélaga hefur lýst yfir óánægju sinni með þessa skipan mála og fjölmargir telja hana óeðlilega. Það er skoðun ráðuneytisins að óeðlilegt sé að skilja á milli starfrækslunnar og greiðslu rekstrarkostnaðar, þannig að sveitarfélögunum sé gert að greiða sérstaklega 10% af rekstri stöðvarinnar án þess að vera hlutfallslegir eigendur að sama skapi. Með hliðsjón af því er frumvarp þetta fram komið og er með því lagt til að stofnunin verði algjörlega í höndum ríkisins. Aðrar breytingar, sem lagðar eru til hér eru fyrst og fremst til hagræðingar, byggðar á fenginni reynslu eða þá hreint út sagt til þess að leiðrétta misfellur í gildandi lögum.

Þar sem breytingar þessar og leiðréttingar eru nokkuð efnismiklar hefur verið gripið til þess ráðs að leggja fram heildarfrumvarp.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega eins og 3. gr. gildandi laga, en lagt er til að 2. gr. gildandi laga þess efnis að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir hönd ríkisins 90% af rekstrarkostnaði og sveitarfélögin 10% verði felld niður. Í staðinn yrði tekin upp sérstakur fjárlagaliður fyrir stofnunina og er reyndar gert ráð fyrir slíku í fjárlagafrumvarpi fyrir þetta ár í trausti þess að frumvarp þetta nái fram.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að 4. gr. gildandi laga verði breytt og er breytingin fólgin í því að fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga falli burtu úr stjórn stofnunarinnar og er það í samræmi við breytingu á 2. gr. gildandi laga. Þess í stað er lagt til að Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra og Félagið heyrnarhjálp tilnefni einn fulltrúa hvort, í stað eins sameiginlega og ennfremur að Heyrnleysingjaskóli Íslands tilnefni einn. Yrðu fulltrúar í stjórn stofnunarinnar því jafnmargir og áður. Er hér um að ræða viðleitni í þá átt að auka áhrif hagsmunaaðila á stjórn stöðvarinnar.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega eins og 5. gr. gildandi laga nema hvað snertir síðasta málslið greinariinnar.

Hér er þó nánast um orðalagsbreytingu að ræða til þess að koma í veg fyrir misskilning, þar sem ráða má af texta núgildandi laga að stofnunin hafi yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra eingöngu að því er snertir heyrnarrannsóknir og meðferð heyrnartækja. Ætlunin var að stofnunin hefði slíka yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra og ennfremur yfirumsjón með heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknum yfirléitt í samráði við viðkomandi aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

Um 5. gr.

Hér um nýja grein að ræða. Lagt er til að stofnunin annist útvegum á þeim hjálpartækjum, sem yfirlæknir úrskurðar nauðsynleg.

Í dag úrskurðar Tryggingastofnun ríkisins (tryggingayfirlæknir) slíkt. Engin ástæða er til þess að halda í það fyrirkomulag, þegar ríkið hefur sett á stofn sérstaka stofnun til þess að sinna þessum málum. Er miklu eðlilegra að sá læknir, sem annast rannsókn á vegum stöðvarinnar og sem til þess hefur sérmenntun, ákveði slíkt. Á þennan hátt mundu sparast stórar upphæðir, þar sem vottorð yrðu í þessu tilviki óþörf svo ekki sé minnst á það hagræði sem slíkt hefði í för með sér fyrir neytendur.

Ennfremur er lagt til að ráðherra fái vald til þess að setja reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja. Í dag fer tryggingaráð með þetta vald skv. almannatryggingalögum. Fyrir þessari breytingu má færa sömu röksemdir og varðandi úrskurð yfirlæknis. Stjórn stöðvarinnar er ætlað að gera tillögur um slíkar reglur og er slíkt á allan hátt eðlilegt, en í dag hefur hún engin áhrif hér á. Nái þetta fram að ganga, myndi stöðin sjálf annast greiðslur fyrir hönd ríkisins í stað sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Þannig yrðu öll mál, er tengjast starfsemi stöðvarinnar, á einni hendi undir beinni yfirstjórn ráðherra. Fjárframlög ríkisins vegna þátttöku þess í slíku myndu því færast frá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins yfir á stöðina. Er ekki að efa að slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda störf stöðvarinnar mikið.

Þessar breytingar leiða ekki til neins kostnaðarauka, þar sem ríkið tekur þegar drjúgan þátt í slíkum greiðslum. Þjónusta yrði hins vegar liprari og vottorðakostnaður, sem lendir á ríkinu félli niður að mestu auk þess sem álagið á starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins yrði minna.

Um 6. gr.

Lagt er til nýtt ákvæði þess efnis að ráðherra sé heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á vegum stöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Mjög er á reiki hvaða gjald skuli tekið fyrir veitta þjónustu á stöðinni. Miðað við aðra þjónustu innan heilbrigðiskerfisins væri ekki óeðlilegt að einhvert gjald kæmi hér fyrir, að visu mjög lágt, og væri ekki óraunhæft að miða það við göngudeildargjald. Með þessu er aðeins lagt til að ótvíræð lagaheimild finnist til tóku gjalds svo ekki komi til deilna um slíkt.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir því að stofnunin skipuleggi ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Ætlunin var ennfremur að slíkar ferðir væru til aðstoðar málhöltum úti á landi og er hér með reynt að leiðrétta þá misfelli. Að öðru leyti er greinin eins og 6. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Í 7. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir því að stofnunin hafi sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeini um meðferð þeirra. Nokkurrar óánægju hefur gætt um þetta atriði sérstaklega, þó vart sé hægt að segja að um efnislegan ágreining sé að ræða. Til þess að sneiða fram hjá þessu er lagt til að stofnunin hafi sérstaka umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og að slíkt sé gert í fullu samráði við skólastjóra og kennara skólans. Allar leiðbeiningar um meðferð nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands hljóta að vera sameiginlegar þ. e. a. s. í höndum stöðvarinnar, skólastjóra og kennara skólans.

Um 9. gr.

Lagt er til að 8. gr. gildandi laga falli niður en hún kveður á um að stofnunin skuli hafa aðsetur í Reykjavík og að ráðherra sé heimilt að stofna deildir í stærstu kaupstöðum landsins þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Í sjálfu sér er óraunhæft að kveða á um aðsetur í Reykjavík þar sem þegar er ákvæði um það að stofnuninni skuli í framtíðinni ætlað framtíðarhúsnæði í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar Háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, sbr. 6. gr. gildandi laga, auk þess sem stofnunin hefur þegar fengið aðsetur í Reykjavík. Óraunhæft er einnig að kveða á um að stofnaðar skuli deildir í stærstu kaupstöðum landsins, þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Miklu raunhæfara er að koma slíku inn á þær heilsugæslustöðvar sem nú rísa víða um landið og að þær skuli hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaufa, svo sem heyrnarvernd. Í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978 19. gr. 1. tl. þar sem fjallað er um þá þjónustu sem veita skuli á heilsugæslustöð fellur heyrnarvernd undir hugtakið heilsuvernd. Jafnframt væri æskilegt að öll þjónusta við málhalta, sem stofnuninni er ætlað að veita og hægt er að veita að einhverju leyti úti á landi fari fram á heilsugæslustöðvum.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.